

**65** un skógræktarstjóra eða skógarvarða, svo má og ekki heldur slá gras á svæðum  
2. maí þessum, nema með leyfi skógræktarstjóra eða skógarvarða. Nú fellur niður girð-  
ing sú, er sett hefir verið um þessi friðuðu svæði, eða skemmist, og ber þá not-  
hafa jarðar þeirrar, þar sem girðingin er, að segja hlutaðeigandi hreppstjóra  
tafarlaust til um skemdirnar, en honum ber svo að gera ráðstafanir til, að girð-  
ingin verði bætt, en þartil hún hefir verið bætt, ber nothafa að verja svæðið  
fyrir skepnum eftir megni. Vanræksla á þessu getur varðað 5—100 kr. sektum  
samkvæmt 9. gr. frammanefndra skógræktarlaga 30. júlí 1909.

Visvitandi skemdir á girðingum þessum varða sektum eða fangelsi sam-  
kvæmt 296. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Í stjórnarráði Íslands, 2. maí 1912.

**Kristján Jónsson.**

*Jón Hermannsson.*

**66**  
23. maí

## Auglýsing

um staðfesting stjórnarráðsins á samþykkt um breyting á  
lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík.

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaup-  
staðina, er hjermeð staðfest eftirrituð samþykkt um breyting á

### **lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg**

15. nóvbr. 1890, er samið hefir bæjarstjórn þessa kaupstaðar:

Aptan við 45. gr. (sjá auglýsingu 5. maí 1906) komi svohljóðandi ákvæði:  
Svo lengi sem eigandi »Hotel Reykjavík« heldur uppi hljómleikum í veit-  
ingahúsi sínu frá kl. 9—11<sup>1</sup>/<sub>2</sub> að kveldi, er heimilt að hafa þar vínveitingar um  
hönd jafnlengi fram eptir kvöldinu, svo að veitingasölum sje lokað um miðnætti.  
Jafnframt skulu allar vínveitingar í kjallaranum hætta kl. 10 á kveldi mánuðina  
maí, júní, júlí, og ágúst og kl. 9 hina mánuði ársins.

Ákvæði þetta öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráðinu, 23. maí 1912.

Í fjarveru ráðherrans.

**Kl. Jónsson.**

*Eggert Briem*